

**Ed.**

**360. Frumvarp**

til laga um að stofna nýbýli.

Flm.: Jón Baldvinsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin skal leita samninga við landeigendur og ábúendur í Ölfushreppi í Árnessýslu og Holtahreppi í Rangárvallasýslu um að selja eða láta afhendi land meðfram þjóðveginum, er nægi handa 25 nýbýlum í hvorum þessara hreppa. Í Ölfushreppi skal ætla hverju nýbýli eigi meira land en 10 ha. af ræktuðu landi og í Holtahreppi eigi meira en 20 ha.

2. gr.

Þegar ríkisstjórnin hefir fengið nægilegt land undir nýbýli, skal hún láta velja bæjarstæði eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands. Skal reynt að haga þannig til, að bæir standi sem flestir saman og sem næst þjóðveginum.

3. gr.

Þegar valin hafa verið bæjarstæði, skal ríkisstjórnin gefa byggingarmeisturum kost á því að gera uppdrætti að nauðsynlegum byggingum á nýbýlum. Má heita allt að 5 þús. króna verðlaunum fyrir beztu og hentugustu uppdrætti, er gerðir verða, að dómi Búnaðarfélags Íslands.

4. gr.

Þegar uppdrættir hafa verið gerðir að byggingum og öðrum undirbúningi undir tilhögun verksins er lokið, skal ríkisstjórnin láta reisa byggingar á þeim 50 nýbýlum, er 1. gr. getur.

5. gr.

Í land það, er ætlað er nýbýlunum til ræktunar, skal, á kostnað ríkissjóðs, gera aðalskurði og holræsi, eftir því sem með þarf til að þurrka allt að 5 ha. af landi hvers nýbýlis. Ennfremur skal allt að 5 ha. af landi hvers býlis búið undir ræktun á þann hátt, er Búnaðarfélag Íslands telur hentugast.

6. gr.

Nýbýli þau, er reist verða samkvæmt lögum þessum, skal ríkissjóður leigja með þeim kjörum, er ákveðin verða í reglugerð, er ráðherra setur, samkvæmt tillögum Búnaðarfélags Íslands. Fyrstu 5 árin skal leiga þó eigi vera hærrí en 4 af hundraði á ári af byggingarverði húseigna. Síðan skal leiga miðuð við meðalnytjar nýbýlis, þó aldrei hærrí en 6 af hundraði af fé því, er lagt hefir verið í býlin.

7. gr.

Í reglugerð skal setja ákvæði um það, hvernig meta skuli umbætur á nýbýli, þegar leiguliði fer burt, svó og um skyldu leigjanda til að halda við byggingum og ræktun lands, að viðlagðri riftingu leigumála.

8. gr.

Eigi skal leigjanda heimilt að framselja leigumála á nýbýlum þeim, er ræðir um í lögum þessum.

9. gr.

Fé það, er þarf til framkvæmda lögum þessum, skal ríkissjóður leggja fram, og hefir ríkisstjórnin heimild til þess að taka allt að 1 milljón og 200 þús. kr. lán í þessu skyni.

Greinargerð.

Þetta frv. var flutt fyrir nokkrum árum á Alþingi til þess að marka þá stefnu, sem Alþýðuflokkurinn vildi láta fylgja að því er snertir fjölgun býla í sveitum, og fylgdu því þá þessar athugasemdir:

„Á undanförunum árum hafa komið fram margar tillögur í þá átt að efla ræktun landsins og fjölga býlum í sveitum. Árlega er miklu fé varið úr rikissjóði til eflingar landbúnaði, og ber það vafalaust nokkurn árangur, en þó hefir eigi tekizt að stöðva fólksstrauminn úr sveitunum til sjávarhéraðanna. Enda hefir litið eða ekkert verið til þess gert að fjölga býlum í sveitum, en til þess að sveitirnar tæki sjálfar við fólksfjölgun þeirri, er þar verður, þá þarf að gera mönnum kleift að stofna heimili í sveitinni. Þær tillögur, er fram hafa komið í nýbýlamálinu, gera heldur ráð fyrir hægverkri fjölgun býla, að minnsta kosti fyrst í stað. En af því lengi hefir dregizt að undirbúa þetta mál, og þörfin um fjölgun býla aðkallandi, þá þykir rétt að bera fram frv. þetta. Gerir það ráð fyrir því, að rikissjóður taki lán til þess að koma upp sem allra fyrst 50 nýbýlum í Árnes- og Rangárvallasýslum.

Til þess er ætlazt, að rikisstjórnin kaupi land undir býlin af eigendum jarða á svæði því, er í frv. getur. Á báðum þessum svæðum, í Ölfusi og í Holtum, eru meðfram þjóðvegum stórar landspildur hentugar til ræktunar. Séu landsjóðsjarðir á svæðinu, þyrfti að semja við ábúendur um að láta land af hendi.

Kostnaður við hvert býli er gert ráð fyrir, að verði nálægt 25 þús. kr. Þar af myndu byggingar verða um 20 þús. kr. Byggingar eru hugsaðar þessar: íbúðarhús, fjós og hlaða og safnþró. Til hliðsjónar er haft býli það, er „Freyr“ flutti mynd af árið 1926, og er af nýbýli, er reist hefir verið í Sogamýri við Reykjavík. Hefir uppdráttur sá verið gerður af Jóhanni Kristjánssyni húsagerðarmeistara, og er uppdrátturinn mjög smekklegur. Þó er ekki loku skotið fyrir, að enn kunni að finnast betra, smekklegra og hentugra byggingarfyrirkomulag, og því er í frv. gert ráð fyrir verðlaunum fyrir beztu teikningar á byggingum á nýbýlunum.

Rikissjóði er ætlað að eiga þessi býli og leigja þau, en eigi selja. Er ætlazt til, að um leigumála verði síðar settar reglur, en þó sett hámark leigu í frv., sem fyrstu árin er aðeins miðuð við lága vexti af byggingunum, nokkurskonar húsaleiga.

Tekið er fram í frv., að um nokkur atriði eigi að fara eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands, en vafalaust verða allar framkvæmdir eftir frv. gerðar í samráði við stjórn þess“.